

Hvaða fittings er ég með í höndunum?

**BSP****BSPT****Skerkónafittings****JIC****ORFS**

Þegar við stöndum frammi fyrir því að skipta út gömlum fittings, til dæmis vegna viðgerða eða viðhalds getur verið erfitt að sjá hvaða gerðir og jafnvel stærðir maður er með í höndunum. Í fæstum tilfellum er nóg að gefa upplýsingar eins og lykilmál eða lit og þó að við séum með „staðlaðan“ fittings, eða „þennan venjulega“, er það sjaldnast til að einfalda hlutina, staðlarnir eru nefnilega nokkrir.

Hér á eftir fylgja nokkur atriði sem geta hjálpað til við að komast að því um hvaða fittings er að ræða;

1. Það þarf að skrífa fittingsinn sundur, ekki er nóg að horfa á samsetta lögn til að sjá hvaða gengjur eru á samsetningunum (nema málsetningarnar standi skýrt og greinilega utaná þeim).
2. Ef við horfum á nippilhluta samsetningarinnar er gott að skoða vel endann á nipplinum. Er kónn inn í hann? Er sæti inni í honum? Er hann flatur? Er O-hringur á endanum? Er kónn út úr endanum? Svörin við þessu geta sagt okkur nokkuð vel til um hvaða fittingsgerð þetta er.
3. Næsta skref er að mæla þvermálið utan á gengjunum, best er auðvitað að nota skífmál og fá nákvæmt utanmál. Athugið sérstaklega að algengustu tommumál á glussagengjum er ekki hægt að mæla beint á skífmáli, ¼“ gengjur eru til að mynda ekki alltaf ¼“ að utanmáli.
4. Hvaða stigning er á gengjunum? Það ganga ekki allir með gengjumát í vasanum dags daglega svo að það getur verið flókið að finna út úr því. Ef við erum með millimetrangengjur mælum við fjarlægðina milli gengjutoppa miðja í miðju, þannig ættum við að fara nokkuð nærri um stigninguna. Ef við erum hins vegar með tommugengjur þurfum við að mæla út eina tommu á leggnum og telja gengjutoppa í henni.
5. Ef það er sæti inni í nippilendanum er gott að mæla þvermál sætisins og gefa það upp líka. Líklegast er þá um millimetra skerkónafittings að ræða.

